

Reykjavík 27.2.2020

## Fjarskiptahópur Ský, skýrsla stjórnar starfsárið 2019/2020

Aðalfundur hópsins var venju samkvæmt haldin samhliða aðalfundi Ský þann 28.02.2019. Stjóri stjórna gaf kost sér til endurkjör og var endurkjörin. Í stjórn eru eftirfarandi aðilar: Jón Ingi Einarsson, Jón Finnbogason, Elmar Freyr Torfason, Theodór Steinþórsson, Gunnar Ólafsson, Gunnar Hreinsson og Bergur Þórðarson. Starf hópsins var hefðbundið frameftir ári. Í fjarskiptahópnum eru í dag 162 meðlimir, sem er tæplega 12% fjölgun á milli ára. Hafa þeir aldrei verið fleiri sem er staðreynd sem stjórn hópsins er ákaflega stolt af en við stefnum auðvitað á að fjölga meðlimum enn meira. Stjórn hópsins hefur hist að jafnaði einusinni í mánuði, utan undirbúningsfunda vegna hádegisfyrirlestra, þetta höfum við verið að gera til að skiptast á skoðunum varðandi málefni tengd fjarskiptum á Íslandi og erlendis, hvað er nýtt og hvað er að hverfa.

Þann 6. Mars 2019 hélt fjarskiptahópurinn metnaðarfullan hádegisverðarfund (ég vil meina viðburð sem hefði vel átt erindi á UTMessuna) undir heitinu 5G á MWC. Á fundinum var ítarlega farið yfir 5G þróun fjarskipta í heiminum á breiðum grunni, bæði innan fyrirtækja. Fyrirlesarar voru Jason Elliott frá Nokia og Hanna Maurer Sibley frá Ericsson og fóru þau ítarlega yfir nálgun Nokia og Ericsson á þróun 5G til skamms tíma. Nýlunda á þessum viðburði var panel umræða í kjölfar stuttar framsögu á vegum Sæmundar Þorsteinssonar, í panel umræðunni tóku þátt auk fyrirlesarar Guðmundur Hafsteinsson frá Google, og Sæmundur E. Þorsteinsson sérfræðingur Samgönguráðuneytisins.

20. Nóvember 2019 var haldinn hádegisverðarfundur undir því auðmjúka nafni, Framtíð fjarskipta á Íslandi. Fyrirlesarar voru Hrafnkell V. Gíslason PFS, Óskar J. Sandholt, Reykjavíkurborg og pallborðsumræður með Heiðari Guðjónssyni Sýn, Orra Haukssyni Símanum og Sæmundi E. Þorsteinssyni Fjarskiptaasjóði.

Þann 11. Mars næstkomandi heldur hópurinn hádegisverðarfund þar sem Fjarskipti á Hamfaratímum verður umræðuefnið, útaf dotlu.

Fjarskiptahópur Ský lítur björtum augum til framtíðar. Áhugi og athygli á fjarskiptum er stöðugt að aukast enda mikilvægi fjarskipta alltaf að koma betur og betur í ljós. En eitt af meginmarkmiðum fjarskiptahóps Ský er einmitt að auka athygli og áhuga á fjarskiptum í samfélaginu. Við viljum þakka Arnheiði og öðru starfsfólki Ský samstarfið í vetur og hlökkum til komandi árs.

F.h. stjórnar, Elmar Freyr Torfason.